

REGLUGERÐ

um starfsemi Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, sem samanstendur af endurhæfingarstofnun og heilsuhæli.

1. gr.

Heilsustofnunin er endurhæfingastofnun og heilsuhæli í eigu Náttúrulækningafélags Íslands, sem annast sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina og þarfnast meðferðar.

Meðferð á endurhæfingarstofnun er fólgin í endurhæfingu, sbr. 24. gr. 5. t. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. Starfsemi heilsuhælis er m.a. fólgin í heilsurækt og heilsuverndarstarfi í anda náttúrulækningastefnunnar í samræmi við íslenska heilbrigðislöggjöf og heilbrigðisáætlun.

Heilsustofnunin er sjálfstæð stofnun, rekin sem sérstök rekstrareining með sjálfstæðan fjárhag og sérstaka stjórn.

2. gr.

Samkv. samningi NLFÍ og heilbrigðisráðuneytisins frá 8. nóvember 1991 skal rekin 100 rúma endurhæfingardeild og 60 rúma heilsuhæli. Samningur þessi kveður á um greiðslu kostnaðar af starfseminni og nánari tilhögun hennar.

3. gr.

Stjórn Heilsustofnunarinnar er skv. 30.4. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, þannig skipuð, að starfsmannaráð stofnunarinnar kýs einn stjórnarmann, heilbrigðisráðherra tilnefni einn mann og þrír skulu kosnir af eigendum stofnunarinnar.

Fulltrúar ráðherra og eigenda mega ekki vera starfsmenn stofnunarinnar. Fulltrúi starfsmanna skal vera í a.m.k. hálfu starfi við stofnunina. Kjörtímabil stjórnarmanna er 4 ár í senn.

4. gr.

Varamenn í stjórn skulu valdir á sama hátt og aðalmenn.

5. gr.

Stjórn heilsustofnunarinnar skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin heldur fundi svo oft sem þörf krefur eða þegar 2 stjórnarmenn óska þess. Fjöldi atkvæða ræður úrslitum allra mála, sem stjórninni er falið að ráða.

Fundur er lögmætur, ef meirihluti stjórnar situr fund.

6. gr.

Stjórn heilsustofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlækni í samræmi við lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Um verkaskiptingu milli framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlæknis fer skv. 29. gr. laga nr. 97/1990.

7. gr.

Framkvæmdastjóri ræður annað heilbrigðisstarfsfólk en um getur í 6. gr. í samráði við yfirlækni og hjúkrunarforstjóra, eftir því sem við á. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Um kjör starfsfólks fer eftir gildandi kjarasamningum eins og þeir eru á hverjum tíma.

8. gr.

Framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlækni skal heimilt að sitja fundi stjórnar stofnunarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir stofnunina. Slík áætlanagerð skal ávallt vera gerð a.m.k. 4 ár fram í tímann, en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánu samstarfi við yfirlækni, framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra.

10. gr.

Stjórn heilsustofnunarinnar skal sjá um að rekstrarútgjöld stofnunarinnar séu innan þeirra marka, er tekjur leyfa.

11. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

12. gr.

Póknun fyrir stjórnarstörf heilsustofnunarinnar skal vera í samræmi við svipaðar greiðslur á vegum ríkisins.

13. gr.

Um stofnunina gilda að öðru leyti og eftir því sem við á lög og reglugerðir um heilbrigðisstofnanir, svo sem ákvæði um eftirlit, skýrslugerðir og geymslu sjúkragagna.

14. gr.

Verði heilsustofnunin lögð niður renna eignir stofnunarinnar til Náttúrulækningafélags Íslands, ef það félag er starfandi en að öðrum kosti til ríkisins.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 24.2. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, öðlast þegar gildi.

Hún tekur hins vegar ekki til stofnunar eða slita eldri fjárhagsskuldbindinga, sem stjórn HNLFÍ hefur löglega gert samkvæmt samþykktum félagsins. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 262/1989.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. nóvember 1991.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.